



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnaðis- og hafnanefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. september 2020 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Jóhanna Ösp Einarisdóttir og Herdís Erna Matthíasdóttir í forföllum Ingimars Ingimarssonar. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Gestir á fundinum undir fyrsta lið voru ráðgjafar frá Alta og voru þær staðsettar í Reykjavík og funduðu í gegnum fjarfundarbúnað.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulag Reykhólahrepps.

Verkefnislýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykhólahrepps hefur verið send umsagnaraðilum og gerð aðgengileg almenningi, þar sem óskað var eftir umsögnum, ábendingum, hugmyndum og sjónarmiðum fyrir 10. ágúst.

Alls bárust 11 umsagnir: Frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Hafrannsóknarstofnun, Samgöngustofu, Breiðafjarðarnefnd, Dalabyggð, Náttúrustofu Vestfjarða, Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness, Stykkishólmsbæ, Grundarfjarðarbæ og Landsneti.

Innkomnar umsagnir eru lagðar fram og verða hafðar til hliðsjónar í skipulagsferlinu sem framundan er.

Önnur mál (ef einhver):

2. 1903004 - Vindorka í Garpsdal, breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018.

Þann 9. júní sl. samþykkti sveitarstjórn að aðalskipulagsbreytingin skuli auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftir yfirferð skipulagsgagna beinir Skipulagsstofnun því til sveitarfélagsins að bíða með að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu þar til tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur verið lögð fram til kynningar þannig að sveitarstjórn geti kannað hvernig stefna og skipulagsákvæði um vindorkuver í Garpsdal samræmast henni og brugðist við af tilefni. Stefnt er að því að viðauka við landsskipulagsstefnu verði auglýst í haust og verður til kynningar í 8 vikur.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að auglýsing tillögu að aðalskipulagsbreytingu verði frestað þar til tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu hefur verið lögð fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 11.20.

_____	_____
_____	_____
_____	_____